

## Málþing

### Samtaka áhugafólks um útinám

verður haldið fimmtudaginn 18. mars 2021 í samstarfi við Miðstöð útivistar og útináms í Reykjavík og Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Markmið samtakanna er að skapa tengsl á milli þeirra aðila sem starfa við útinám á ýmsum stöðum í samfélaginu.

Á þessu málþingi er kastljósið sett á útivist og útinám í skólastarfi. Við fáum heimsókn frá Lýðskólanum á Flateyri, Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu, leik- og grunnskólanum Bláskógaskóla á Laugarvatni og leikskólanum Sólborg á Ísafirði.

### Dagskrá

*Upphitun fordrykkur*

**15:30 - 16:00 Spjallað og spurt við varðeldinn**

Staðarhaldarar í Miðstöð útivistar og útináms verða með heitt kakó og kaffi á könnunni.

*Erindum er streymt á netinu samtímis, (sjá upplýsingar á [utinam.is](http://utinam.is) þegar nær dregur).*

**16.00 Velkomin á málþing SÁÚ í Hlöðunni við Gufunesbæ**

**16.10 Lýðskólinn á Flateyri og mikilvægi útivistar, Hafið, fjöllin og þú**

*:: Ingibjörg Guðmundsdóttir – skólastjóri Lýðskólans á Flateyri::*

Nám fyrir þá sem vilja öðlast færni í að ferðast um náttúruna og byggja upp traust og virðingu fyrir henni í gegnum mörg og mismunandi námskeið.

**16.30 Fjallamennskunám FAS, þróun náms í nýrri atvinnugrein**

*:: Eyjólfur Guðmundsson skólameistari Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu::*

Fjallað um tíu ára þróunarsögu náms í fjallamennsku við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu, tengsl við starfendur, fyrirtæki og stoðkerfið í greininni innanlands og utan.

**16.50 Kaffi & te**

**17.00 Skíðaganga sem hluti af útinámi**

*:: Jóna Lind Kristjánsdóttir - Deildarstjóri á leikskólanum Sólborg - Ísafirði::*

Kynning á gönguskíðakennslu fyrir börn á deildinni Tanga í leikskólanum Sólborg á Ísafirði.

**17.20 Útiskólinn í Bláskógaskóla Laugarvatni. Að grípa tækifærin sem umhverfið býður upp á**

*:: Brynja Hjörleifsdóttir aðstoðarskólastjóri og Barbara Georgsdóttir Fialová kennari::*

Fjallað um útiskóla og tengsl milli skólastiga í samreknum leik- og grunnskóla þar sem nemendur læra um samfélagið, umhverfið, félagsfærni og gildi í gegnum náttúruna á Laugarvatni.

**17.40 Samantekt**

**18:00 Aðalfundur Samtaka áhugafólks um útinám**